

24. apríl 2018 | Aðsent efni | 603 orð | 1 mynd

Það er parkinson

Eftir Birnu G. Bjarnadóttur

Eftir Birnu G. Bjarnadóttur: "Það mikilvægasta í lífi manns er góð heilsa, fæði og húsnæði. Heilsuna getum við reynt að tryggja með réttu líferni en það er þó ekki alltaf nóg."

Á fögrum vetrardegi á göngu í höfuðborginni varð á vegi mínum vinur minn til margra ára. Við tókum tal saman og hann sagðist hafa verið að fá niðurstöðu rannsókna læknis síns. Það er parkinson, sagði hann. Hann var áhyggjufullur og það var sorg í augum hans.

Fyrir rúmu ári síðan var ég á löngu ferðalagi í framandi landi með hópi Íslendinga. Þar á meðal var glæsileg kona sem vakti athygli mína fyrir hversu vel hún bar sig og gekk rösklega í erfiðu landslagi. Við tókum tal saman og þar kom að hún sagði að hún væri með sjúkdóm sem hún þyrfti daglega að taka tillit til. Það er parkinson, sagði hún. Stuttu síðar var mér sagt að frændi minn sem hefur unnið alla ævi við smíðar væri alvarlega veikur. Það er parkinson.

Áður hafði ég fyrir mörgum árum fylgst með afleiðingum parkinson-sjúkdómsins þegar samstarfsmaður minn veiktist og lengi vel var ekki vitað um hvaða sjúkdóm væri að ræða. Þar sem hann var læknir og átti greiðan aðgang að læknisfræðilegum rannsóknarupplýsingum gat hann gert sér grein fyrir hvernig framgangur sjúkdómsins gæti orðið og hagað lífi sínu að nokkru eftir því. Síðan þá hafa komið fram lyfjameðferðir og tæknileg inngrip sem hafa reynst mörgum vel.

AGE-Platform Europe eru félagasamtök í Evrópu sem starfa í nánú samstarfi við Evrópusambandið og njóta styrkja frá því. Á vegum þessara samtaka eru starfandi hópar skipaðir fulltrúum aldraðra og fjalla þeir meðal annars um heilbrigða öldrun og öldrun með virðingu. Eitt af verkefnum þessara starfhópa er að styðja við þróunarverkefni sem lýtur að rannsókn á eðli og orsökum parkinsons. Þegar er búið að tryggja verkefninu fjárhagslega styrki og læknisfræðimenntaðir og tæknimenntaðir sérfræðingar í nokkrum löndum Evrópu bera þungann af uppbyggingu verkefnisins og rannsóknarstarfinu.

Samtök eldri borgara á Norðurlöndunum eru aðilar að AGE-Platform Europe og þau hafa tilnefnt fulltrúa sína í starfhópum sem ráðgjafa og fulltrúa neytenda. Ég hef fengið að vinna með þessum hópum undanfarnar ár og haft tækifæri til að fræðast um helstu nýjungar og áherslur í málefnum aldraðra í Evrópu. Þar á meðal eru rannsóknir á parkinson sem bera heitið i-Prognosis. Parkinson-sjúkdómurinn er ekki þó ekki skilgreindur öldrunarsjúkdómur. Hann er hins vegar sá sjúkdómur sem talið er að leggist á sífellt fleiri unga, miðaldra og aldraða en nokkur annar krónískur sjúkdómur. Rannsóknaverkefnið felst í því að fá hóp notenda snjallsíma til að samþykkja og setja app í símana sína sem síðan fylgist með til dæmis hreyfingum, göngu og svefvenjum sem skráðar eru í gagnagrunn. Lögð er áhersla á að fá þátttakendur sem taldir eru heilbrigðir sem og þá sem eru greindir með parkinson til að taka þátt svo gera megi samanburð á niðurstöðum. Enn sem komið er eru þátttakendur aðeins frá Bretlandi, Þýskalandi og Grikklandi en unnið er að því að leita leiða til að þátttakendur geti einnig orðið á Íslandi.



Birna G. Bjarnadóttir

Ungur bandarískur leikari, Michael J. Fox greindist með parkinson fyrir nokkrum árum. Hann stofnaði sjóð til rannsóknar á parkinson og til að vekja athygli almennings og sérfræðinga á þessum sjúkdómi. Sjóður hans hefur einnig unnið náð með rannsóknarverkefni AGE-Platform.

Parkinson-dagurinn hefur verið haldinn 11. apríl víða um heim til að vekja athygli á því hvernig er að lifa með þessum sjúkdómi. Dagurinn hefur einnig verið haldinn á Íslandi og nú á þessu ári með myndarlegum hætti undir stjórn Parkinson-samtakanna. Þar voru kynnt ýmis mikilvæg stuðningsúrræði fyrir þá sem eru með parkinson og aðstandendur þeirra. Þau samtök byggjast á sjálfbærni félagsmanna og þurfa að leita allra leiða til að afla styrkja frá félögum, fyrirtækjum og líknarsjóðum. Þau þrífast þó fyrst og fremst fyrir áhuga og drífandi kraft félagsmanna í Parkinson-samtökunum á Íslandi.

Höfundur er áhugamaður um málefni aldraðra.

mbl.is/Árvakur hf. © 2018 | Hádegismóum 2, 110 Reykjavík | sími 569-1100